



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## SAMÚÐARKVEÐJUR TIL KEISARA JAPANS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hefur í morgun sent Hans Hátign Akihito Japanskeisara samúðarkveðjur frá sér og íslensku þjóðinni. Hinar hræðilegu afleiðingar jarðskjálftanna og flóðbylgjanna hafi vakið djúpa samúð og hugur okkar sé með fjölskyldum og vinum þeirra sem látist hafa og einnig þeim sem misst hafa heimili sín og búa nú við óvissa framtíð.

Vinátta Íslands og Japans sé byggð á langvarandi samvinnu og Íslendingar þekki jarðskjálfta og náttúruhamfarir af eigin raun þótt reynsla okkar hafi blessunarlega ekki verið eins sár og sú sem nú þjáir hina japönsku þjóð.

*12. mars 2011*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*